

## Áætlun fyrir læsi og stærðfræði á Sjónarhóli

*Sjónarhóll*

### Hvernig unnið er með læsi 1 - 2 ára Sunnudeild

#### Markmiðið er;

- Að auka orðaforða og efla skilning á hugtökum (opna – loka, úti – inni, týndur-fundinn, ýta-draga)
- Að auka mál tilfinningu (framsögn og lestur bóka)
- Að þjálf minni og hlustun (lestur bóka og spurningar um þær)
- Að auka skilning og tjáningu

#### Leiðir að settu markmiði;

- Athafnir daglegs lífs og samskipti/samræðu
- Lestur bóka alltaf þegar færi gefst
- Pörun (para saman myndir, form, tölur og dýr á vegg)
- Samstöfur og bullurím (elstu þá segir kennari hús – mús, bíll – fíll) (klappa atkvæði = í nöfnum, orðum, söng )
- Hlustun og myndun hljóða
- Söngur og þulur
- Lubbi finnur málbein (bókin skoðuð)
- Ritmál og bókstafir sýnilegt
- Leikur að læra ( skoða heimsíðuna leikur að læra [www.leikuradlaera.is](http://www.leikuradlaera.is) )
- Sögugrunnur/myndir (fá að skoða myndirnar sem eru í boxunum og kennari notar þetta í að ræða um myndirnar, og býr til tveggja til þriggja orða setningar. Strákurinn á heima í húsi, stelpan sefur í tjaldi. Stelpan er með augu. Hundurinn er týndur (setja hann t.d. undir borð. Einnig hægt að raða myndunum og segja hvar er hundurinn, hundurinn er á stólnum, gólfinu o.s.frv.)
- Nota tákn með tali
- Stafur vikunnar sýnilegur
- Bókstafur barna og starfsfólks tengt við mynd af þeim og þetta er svo tengt við staf vikunnar

## Hvernig unnið er með stærðfræði 1 - 2 ára Sunnudeild

### Markmiðið er;

- Að tengja stærðfræði við leik
- Að barn kynnist tölutáknunum 0 – 5 og fjölda
- Að barn kynnist hugtökunum; t.d. lítill, stór
- Að barn kynnist nöfnum á þessum formum; þríhyrningur, hringur, ferningur

### Leiðir að settu markmiði;

- Könnunarleikur (leikið/kannað með verðlaust efni)
- Kubbaleikir (lítill-stór)
- Pörun (para saman form og tölur á vegg)
- Tölutáknin sýnileg 0-5 (eins er gott að merkja hólfin með tölustöfum) notast við numicon
- Lesa bækur með og um tölustafi
- Formin sýnileg (þríhyrningur, hringur og ferningur)
- Unnið með Numicon í skipulögðu starfi og frjálsum leik; börn fá að handfjatla form frá 2-5 (elsti árgangur), raða þeim á spjöldin og svo er hægt að prófa að vinna hvað er eins, lítið form stór form, setja fingur í götin á formunum.
- Syngja lög sem innihalda tölur og hugtök t.d. einn lítill, tveir litlir...

## Hvernig unnið er með læsi 2 - 3 ára Dropadeild

### Markmiðið er;

- Auka orðaforða, og efla skilning á hugtökum (blautt-þurrt, í-á, undir-yfir, uppi-niðri, ganga-hlaupa, ofaná)
- Að barn kynnist einföldum barnabókum (Depill og Lúlli)
- Að hvetja barnið til að segja frá atburðum og á það sé hlustað með athygli og þjálfari minni og hlustun
- Að auka mál tilfinningu
- Að læra söngtexta, vísur og þulur
- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund
- Að auka tjáningu og skilning

## Leiðir að settu markmiði;

- Athafnir daglegs lífs og samskipti/samræður
- Pörun (para saman fatnað, bókstafi, tölur, form og dýr á vegg)
- Lestur bóka alltaf þegar færi gefst
- Orðaspjall / Unnið með ákveðinn orð úr ákveðnum bókum. Orðin útskýrið og unnið með þau.
- Framsógn ( barnið kemur fyrir framan hóp eða situr í hóp og segir frá)
- Hlustun og myndun hljóða
- Söngur og þulur
- Tákni með tali
- Málörvunarspil
- Ritmál sýnilegt
- Stafur vikunnar sýnilegur
- Bókstafur barna og starfsfólks tengt við mynd af þeim og þetta er svo tengt við staf vikunnar
- Byrjað verður að vinna með fyrsta staf í nafni hvers barns (para saman fyrsta staf og mynd af barni)
- Lubbi finnur málbein (kennari segir máhljóð og tengir við myndir og hlustað á diskinn)
- Samstöfur (klappa atkvæði) og rím (bíll – fíll, hestur – prestur, notast við myndir þannig þetta sé líka sjónrænt fyrir þeim)
- Lærum og leikum með hljóðin (spjaltdölva, bók og dvd diskurinn)
- Leikur að læra ( skoða heimsíðuna leikur að læra [www.leikuradlaera.is](http://www.leikuradlaera.is) unnið með fyrsta staf í nafni).
- Sögugrunnur/aðrar myndir( fá að skoða myndirnar sem eru í boxunum og kennari notar þannig að hann ræðir um myndirnar: Hvað er á myndinni? Dæmi: Þetta er ísbjörn, hann er með beittar tennur og grimmur eða þetta er strákur hann er með gult hár og blá augu. Búa til sögu með þeim og raða myndunum upp í söguröð). Dæmi: Einu sinni var strákur hann hitti ísbjörn, ísbjörninn öskraði arrrrr og þá varð strákurinn hræddur og hljóp heim til sín.(vera með mynd af ísbirni, strák og húsi.(hafa sögurnar einfaldar sem búna er til). Tala um hvernig hlutir eru á litin(gulur, rauður, blár), nota hugtökin: blautt, þurr, í, á, undir, yfir, uppi, niðri, ganga, hlaupa, ofan á o.s.frv.

## Hvernig unnið er með stærðfræði 2-3 ára

### Markmiðið er;

- Að barn læri hugtökin (fjöldi, lítill-stór, stuttur-langur)

- Að tengja stærðfræði við leik
- Að barn læri formin (þríhyrningur, hringur, ferningur)
- Að barni kynnist tölutáknum 0 – 5 og fjölda
- Æfi sig í að telja frá 0 - 5
- Að tengja stærðfræði við leik. T.d. leika með kubba og ath. Hvað getum við byggt háan turn.

### Leiðir að settu markmiði;

- Að barn æfi sig í að ná í ákveðinn fjölda útfrá fyrirmælum kennara
- Könnunarleikur (leikið/kannað með verðlaust efni)
- Kubbaleikir t.d.: Einingakubbar, Legokubbar (stærð og lögun), Litaðir trékubbar (lítill-stór, langur-stuttur), kaplakubbar, smellukubbar(form, litir)
- Hafa form og tölur sjónrænar fyrir nemendur , tölutákn 0 -10 (notast við numicon)
- Lesa bækur með og um tölustafi
- Syngja lög tengd tölum og formum
- Leikur að læra (Tölustafir)
- Unnið með Numicon í skipulögðu starfi og frjálsum leik. handfjatla formin.( nota formin frá 2 – 10) notast við að leggja ofan á formblað, tala um hvað þau eru með mikið setja fingur inn í formin, tala um löng og stutt form, stór og lítil og telja hvað er mikið í hverju formi.
- Boðið upp á frjálsum leik með tölustöfum
- Að telja ýmsa hluti t.d. stóla inn á deild,
- Flokka hluti t.d. dýr, perlur, bíla
- Ipad stærðfræðileikir
- Tölur sýnilegar á hólfum

### Hvernig unnið er með læsi 3-4 ára

#### Markmiðið er;

- Auka orðaforða og efla skilning á hugtökum (framan-aftan, bakvið-ámóti, við hliðina, lítill-stór, vont-gott)
- Að lesnar séu stuttar sögur og framhaldssögur
- Að búa til sögur (að nota sögugrunn á einfaldan hátt með því að handfjatla efnivið)
- Að hvetja barnið til að segja frá atburðum og á það sé hlustað með athygli (nota hvar, hver, hvað, hvenær o.s.frv.)

- Að þjálfra athygli, minni, hlustun og framsögn (lestur bóka, minnisleikir, tækifæri til að tala fyrir framan hóp)
- Að auka mál tilfinningu (þekki persónufornöfn, hann, hún og fl.)
- Að læra söngtexta, vísur og þulur
- Að kenna barninu að nota gott íslenskt mál og það læri að nota það til að leysa ágreining
- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund
- Að auka skilning og tjáningu
- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund
- Klappa samstöfur orða 1- 2 atkvæði

### Leiðir að settu markmiði;

- Athafnir daglegs lífs og samskipti/samræður
- Lestur bóka alltaf þegar færi gefst
- Framsögn (Barn tjái sig í samverustundum og fái tækifæri til að tala fyrir framan hóp)
- Hlustun og myndun hljóða
- Tákn með tali
- Málörvunarspil
- Málörvun í ípad annað en lærum og leikum með hljóðin
- Rímþulur og læra texta
- Ritmál sýnilegt
- Bókstafur barna og starfsfólks tengt við mynd af þeim og þetta er svo tengt við staf vikunnar
- Lubbi finnur málbein (Unnið með fyrsta staf í nafni barna ásamt því að hlusta á diskinn)
- Orðaspjall /Unnið með ákveðinn orð úr ákveðnum bókum. Orðin útskýrið og unnið með þau
- Lærum og leikum með hljóðin (Farið skipulega í gegnum appið í spjaltdölvu, horfa á dvd)
- Hlusta á hljóð úr umhverfinu bæði inni og úti
- Söngur og þulur
- Vinna með nafn nemandans og orð úr nánasta umhverfi
- Leikur að læra (Bókstafir úr nöfnum barna, skoða heimsíðuna leikur að læra [www.leikuradlaera.is](http://www.leikuradlaera.is) )
- Samstöfur (klappa atkvæði), rím, hljóðgreining, andheiti og samheiti.
- Sögugrunnur og eða aðrar myndir( fá að skoða myndirnar sem eru í boxunum og kennari notar þannig að hann ræðir um myndirnar: Hvað er á myndinni? Dæmi: Þetta er stelpa hún er með augu, axlir, höku og hún er í grænum sokkum(benda á um leið og sagt er). Annað dæmi;

sýna mynd af strák og blokk, og spyrja hvar er strákurinn?(færa hann alltaf til) Svar: strákurinn er ofan á húsinu, hann er fyrir framan húsið o.s.frv.(segja heilar setningar). Þannig æfa barnið í að segja setningar og hafa þær ögn flóknari en sunnudeildin er með. Gott að notast við það sem á eftir kemur þegar er verið að búa til setningar og auðvitað má nota meira en það: litina: gulur,rauður,grænn,fjólublár, appelsínugulur, blár, Líkamshluta; hné, hæll, tær, fingur, öxl, háls, bak, haka, enni, kinnar ofl., kyn og aldur, spurnarforöfn hvar, hvað , hver o.s.frv., hugtökin; fyrir framan, aftan, bakvið, á móti, við hliðina á, lítill, stór, vont, gott, persónufornöfn; hann, hún. Það er gaman að flokka í kassana og skoða vel hvað er í öllum kössum og ræða um hvað er á myndunum og útskýra t.d. hvað er á þessari mynd(láta alla draga). Það er skógarbjörn og hann er með mikinn feld, hann er loðinn og mjúkur, brúnn. Einnig getur kennari dregið myndir og börnin eiga að giska upp á hverju hann er að lýsa.

## Hvernig unnið er með stærðfræði 3-4 ára

### Markmiðið er;

- Að barn læri hugtök (t.d. meira-minna, harður-mjúkur)
- Að tengja stærðfræði við leik
- Að barn þjálfist í rök hugsun ( Numicon)
- Að barn þekki formin (þríhyrningur, hringur, ferningur, tígull, ferhyrningur)
- Læri að telja í romsu 0 -10
- Að barn læri tölutáknin allavega frá 0-5 og skilji fjöldann á bak við tölutáknið
- Að barn æfist í að flokka hluti
- Geti raðað tölustöfum frá 0 – 5 í rétta röð

### Leiðir að settu markmiði;

- Einingakubbar (form, fjöldi, stærð)
- Legokubbar (fjöldi og stærð),
- Kapplakuppar (fjöldi, lögun)
- Holukubbar (fjöldi, stærð, heiti)
- Rökkubbar(form, litir, þykkur, þunnur)
- Talnagrindur aðgengilegar á deildum, notast við að telja með börnum
- Leikur að læra (Tölustafir frá 1-10 og flokkun) skoða heimsíðuna leikur að læra [www.leikuradlaera.is](http://www.leikuradlaera.is)

- Unnið með Numicon í skipulögðu starfi og frjálsum leik(form og fjöldi, flokkun) handfjatla formin.( nota formin frá 0 – 10) notast við að leggja ofan á formblað, tala um hvað þau eru með mikið setja fingur inn í formin, tala um meira eða minna og telja hvað er mikið í hverju formi og setja kubbana ofan á formin(þannig læra þau að vita hvað stendur á bak við fjöldann). Fylla formin á kubbaplötuna.
- Hafa form og tölur 0 – 21 sjónrænar fyrir nemendur (notast við numicon)
- Tölur sýnilegar á hólfum
- Stærðfræði í daglegu starfi svo sem telja hluti við matarborð og fleira
- Stærðfræðispil og þrautir
- Bækur, söngvar með tölum og talnaskilningi
- Búðarleikur (peningar),
- Ipad með stærðfræðileikjum

## Hvernig unnið er með læsi 4-5 ára

### Markmiðið er;

- Að auka máltilfinningu, málskilning og orðaforða (Lestur bóka, ljóða, rím, þulur og Orðaspjall)
- Að kunna að ríma
- Geti þekkt mun á orði og setningu
- Geti sagt til um lengd orða, hvort orðið sé lengra, styttra
- Klappa samstöfur orða 1- 3 atkvæði
- Þekkja fyrsta hljóð einhverra orða
- Geta sett saman orð t.d. moli og sykur verður molasykur
- Geta tekið í sundur orð eins og molasykur verður moli og sykur
- Geta víxlað orðum t.d. moli og sykur geta líka orðið sykurmoli í stað molasykur
- Að lesa, kynna og unnið sé með sögur, framhaldssögur og ævintýri
- Geta þekkt heiti og hljóð einhverra bókstafa í íslenska stafrófinu
- Að barn læri hugtök (T.d andheitin frá-til, fyrstur-síðastur, í miðjunni – á milli, stærri-minni, dökkur-ljós, fyrir ofan-fyrir neðan, létt-þungt, leiðinlegt-skemmtilegt)
- Að efla sögugerð (Sögugrunnur, að segja sögu)
- Að fara með söngtexta, vísur og þulur
- Að kenna barninu að nota gott íslenskt mál og það læri að nota það til að leysa ágreining

- Að þjálfra athygli, minni, hlustun og framsögn (Lestur bóka og hlusta á hljóðsögur, minnisleikir, tækifæri til að koma fram fyrir hóp, Tölum saman)
- Að barn kynnist bókstöfum og hljóðum þeirra (Lubbi finnur málbein og Lærum og leikum með hljóðin)
- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund (Lestur bóka, Tölum saman, ýmis verkefni flokkuð eftir hverjum hljóðkerfisþætti fyrir sig)
- Geti sagt fullt nafn, heimilisfang, afmælisdag,

### Leiðir að settu markmiði;

- Unnið með hljóðkerfisvitund og þá unnið með bókina Markviss málörvun fyrri hluti: rím, samstöfur, samsett orð, orðhlutaeyðing, þulur og textar.
- Lestur bóka alltaf þegar færi gefst og unnið er með sögurnar (T.d að spyrja út úr sögunni og einhverskonar sköpun út frá henni)
- Orðaspjall /Unnið með ákveðin orð hverju sinni ásamt því að fara í ýmsa leiki með orðin
- Söngur og þulur
- Framsögn (Tjá sig í hópavinnu og samverustundum)
- Tölum saman (Fjölbreytt verkefni sem unnið er með málörvun)
- Lærum og leikum með hljóðin (Unnið markvist með máhljóðin, í spjaldtölva og bók, dvd)
- Leikur að læra (Unnið með stafi og hljóð) skoða heimsíðuna leikur að læra [www.leikuradlaera.is](http://www.leikuradlaera.is)
- Tákn með tali
- Ritmálið sýnilegt
- Bókstafur barna og starfsfólks tengt við mynd af þeim og þetta er svo tengt við staf vikunnar
- Lubbi finnur málbein (Bókinni skipt niður yfir árið og unnið með hana ýtarlega. Stafa og hljóðavinna.)
- Hlutverkaleikir (T.d að skrifa í dagbók hver á pantaðan tíma, póst leikur og samskipti við börn og fullorðna)
- Ljáðu mér eyra (Fjölbreytt verkefni sem unnið er með t.d rím, sundurgreina orð, greina hljóð í orðum)
- Samstöfur(klappa atkvæði), rím, hljóðgreining, hljóðtenging, andheiti og samheiti, orðhluta eyðing, sundurgreining orða
- Sögugrunnur og eða aðrar myndir. Gott að notast við það sem á eftir kemur við gerð sögu: hugtökin; frá, til, fyrstur, síðastur, í miðjunni, á milli, minni, stærri, dökkur, ljós, fyrir ofan, fyrir neðan, létt, þungt, leiðinlegt, skemmtilegt, vikudagana, persónuformöfn í eintölu og



fleirtölu(hann, hún, þær, þeir, þau). Börnin raða myndunum upp sjálf í röð og búa til sögu. Gott að þau velji sér fyrst sögupersónu og svo úr hinum kössunum og byggja þannig upp sögu sem verður alltaf flóknari og flóknari og fleiri tengiorð fara að koma inn í. Kennari hjálpar til við að segja þeim hvernig saga byrjar og endar. Dæmi einu sinni var, nú ætla ég að segja ykkur sögu af....nú er sagan búin, nú er sagan öll, köttur út í mýri setti upp á sér stýri úti er ævintýri(þegar ekki á að segja fleiri ævintýri í bili). Kenna þeim að sögur hafi upphaf og endi. Gaman að skrá sögurnar í bók, einnig er gaman að taka einhverjar sögur upp í story creator í ípadinum. Það er gaman að flokka í kassana og skoða vel hvað er í öllum kössum og ræða um hvað er á myndunum og útskýra t.d. hvað er á þessari mynd(láta alla draga). Það er skógarbjörn og hann er með mikinn feld, hann er loðinn og mjúkur, brúnn. Einnig getur kennari dregið myndir og börnin eiga að giska upp á hverju hann er að lýsa.

## Hvernig unnið er með stærðfræði 4-5 ára

### Markmiðið er;

- Að tengja stærðfræði við leik (Spil og hlutverkaleikir)
- Að barn læri tölutáknin 0-10 og skilji fjöldann á bak við töluna
- Að þjálfra rökhugsun (Numicon)
- Að telja í runu upp í 30
- Geta raðað tölustöfum rétt upp 0 – 20
- Geta skrifað tölustafi 0 - 9
- Að barn æfist í að flokka hluti (form og stærðir)
- Geti lagt saman og dregið frá 0 - 5
- Að barn læri helstu hugtökin:
  - Heill – hálfur
  - Hæð: hátt/lágt, hæst/lægst.
  - Stærð: stórt/lítið, stærst/minnst.
  - Fjöldi: margir/fleiri/flestir
  - Magn:mikið/lítið, meira/minna, jafn mikið
  - Þyngd: þungt/létt, þyngra/léttara
  - Lengd:langt/stutt, lengra/styttra.
  - Þykkt: þykkt/þunnt, þynnra/þykkara.
  - Rými: Vinstri/hægri

- Form: ferningur, hringur, þríhyrningur, tígull, sexhyrningur
- Lagt saman/dregið frá (plús, mínus)

### Leiðir að settu markmiði;

- Knex (Tækni kubbar þar sem bæði hægt er að byggja eftir fyrirmynd eða láta hugmyndaflugið ráða)
- Lego kubbar (Rökhugsun með byggingunum)
- Einingakubbar (Rökhugsun þegar er verið að byggja og hvernig bygging þurfi að vera svo hún nái að standa - Rúmfræði t.d að allir kubbarirnir passa inn í grunnkubbinn, hugtök t.d. sívalningur, ferningur og stólpi )
- Holukubbar (Stærð kubbana, byggja hátt, langt, bera saman, hæð og breidd, rýmisgreind)
- Kapla (Byggt er í tvívídd og þrívídd)
- Leikur að læra (Tölur, fjöldi, flokkun, samlagning, meira – minna en – jafnt og, form) skoða heimsíðuna leikur að læra [www.leikuradlaera.is](http://www.leikuradlaera.is)
- Tölutáknin frá 0 – 100 og formin sýnileg (numicon)
- Numicon (Formin, tölur, talnagildi og rökhugsun t.d þegar er verið að vinna með formin að setja þau á spjaldið) vinna með spjald 1A – 6A og aukaverkefningin.
- Unnið markvisst í möppunni frá Garðabæ sem fylgdi markvissri málörvun
- Stærðfræðileikir í ipad
- Talnagrindur í frjálsum leik og skipulögðum leik
- Tölur sýnilegar í hólfum í fataklefa
- Bækur og Söngvar sem innihalda talningu og hugtök
- Nota hvert tækifæri í daglegu starfi til að skoða form til að tengja við tákni, tölu og hugtök t.d. skoða formin í gluggunum, gangstéttarhellur, fjöldi af fólki í matartíma, notast við færri og fleiri.

## Hvernig unnið er með læsi 5-6 ára

### Markmiðið er;

- Að geta sagt til um fjölda orða í setningu 1 – 4 orð
- Geta sagt til um lengd orða, geti raðað orðum eftir stærð þetta er stórt, stærra, stærst
- Geti klappað samstöfur 1 – 4
- Geti túlkað setningar, geti fundið hvaða mynd passar við þá setningu sem lesin er. Spurt er um afstöðuhugtök og fjölda(hlustunarskilningur).

- Geta endurtakið orðarunu 3 til fjögur orð. (skammtímaminni þjálfað).
- Geta þekkt fyrsta hljóð orða.
- Geta greint hversu mörg hljóð(stafir) eru í orði (notast er við stutt og auðheyranleg hljóð t.d. ís, rúm, ari)
- Geta sett saman og tekið í sundur orð
- Geta tekið fyrsta hljóð af orði
- Að auka máltilfinningu, málskilning og orðaforða (Lestur bóka, ljóða, rím, þulur og Orðaspjall)
- Að lesa, kynna og unnið sé með sögur, framhaldssögur og ævintýri
- Að þjálfra minni, hlustun, hugsun og framsögn (Lestur bóka og hlusta á hljóðsögur, minnisleikir, tækifæri til að koma fram fyrir hóp, Tölum saman)
- Að læra söngtexta, vísur og þulur
- Að efla sögugerð (Sögugrunnur)
- Að barn læri bókstafi og hljóðin þeirra í íslenska stafrófinu (Lubbi finnur málbein og Lærum og leikum með hljóðin)
- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund (Lestur bóka, Tölum saman, ýmis verkefni flokkuð eftir hverjum hljóðkerfisþætti fyrir sig)

### Leiðir að settu markmiði;

- Lestur bóka alltaf þegar færi gefst (Bæði í frjálsum leik og skipulögðum stundum og að það séu unnið með sögurnar)
- Orðaspjall /Unnið með ákveðin orð hverju sinni ásamt því að fara í ýmsa leiki með orðin
- Tjá sig í hópavinnu og samverustundum
- Hlusta og læra söng, ljóð og þulur
- Lubbi finnur málbein (Bókinni skipt niður yfir árið og unnið með hana ýtarlega). Hljóða og stafavinna í bland við hljóðkerfisvitund.
- Lærum og leikum með hljóðin (spjaldtölva og bók, froskaleikirnir)
- Leikur að læra (Unnið með stafi, orð, rím, samheiti, andheiti, samsett orð) skoða heimsíðuna leikur að læra [www.leikuradlaera.is](http://www.leikuradlaera.is) . Stöðvavinna
- Hlutverkaleikir (Þar eru börn að skrifa niður í dagbækur hverjir eiga pantaðan tíma t.d. og pósthús leikir,)
- Tákn með tali.
- Ritmál sýnilegt

- Unnið með hljóðkerfisvitund og þá unnið með bókina Markviss málörvun seinni hluti: rím, samstöfur, samsett orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining, hljóðtenging, þulur og textar.
- Bókstafur barna og starfsfólks tengt við mynd af þeim og þetta er svo tengt við staf vikunnar
- Frjálsan aðgang af skriffærum, skærum, stöfum og blöðum
- Kynna nemendum bókstafi og draga til stafs
- Samstöfur (klappaatkvæði), rím, hljóðgreining, hljóðtenging, andheiti og samheiti, orðhlutaeyðing, samsettorð og margræð orð.
- Ljáðu mér eyra (Fjölbreytt verkefni sem unnið er með t.d rím, sundurgreina orð, greina hljóð í orðum)
- Sögugrunnur og eða aðrar myndir. Börnin gera sýnar eigin sögur. Gaman að skrá sögurnar í bók, einnig er gaman að taka einhverjar sögur upp í story creator í ipadinum. Gott að styðjast við það sem á eftir kemur í sögugerðinni; hugtökin; margir, ekkert, langt frá, rétt hjá, erfitt, auðvelt, tígull, hjarta, spaði, lauf, hægri, vinstri, hratt, hægt, vikudagarnir, mánuðir, árstíðir, fjölskylda, grænmeti, húsgögn(að vita hvað þessi yfirhugtök standa fyrir). Það er gaman að flokka í kassana og skoða vel hvað er í öllum kössum og ræða um hvað er á myndunum og útskýra t.d. hvað er á þessari mynd(láta alla draga). Það er skógarbjörn og hann er með mikinn feld, hann er loðinn og mjúkur, brúnn. Einnig getur kennari dregið myndir og börnin eiga að giska upp á hverju hann er að lýsa.

## Hvernig unnið er með stærðfræði 5-6 ára

### Markmiðið er;

- Að tengja stærðfræði við leik (Spil og nota t.d peninga í hlutverkaleikjum)
- Að barn noti kennslupeninga t.d í búðarleik
- Að efla rökhugsun (Allskonar kubbar og leikir, t.d numicon, lego, einingakubbar)
- Að barn efli formaskilning
- Að barn sé kominn með góðan talnaskilning a.m.k. upp í 20 og skilji fjöldann á bak við tölu.
- Að barn læri að skrifa tölustafi
- Að barn kynnist flóknari hugtökum stærðfræðinnar (Samlagning, frádráttur, skipta niður (deiling), meira - minna en – jafnt og
- Tengja saman tákn og tölustafi
- Að þekkja heilan og hálfan tíma á klukku
- Geti lagt saman og dregið frá 0 – 5

- Þekki mun á sléttum tölum og oddatölum (numicon)
- Að telja í runu upp í 100
- Að telja tugi upp í hundrað 10 – 20 o.sfrv.
- Geta raðað tölustöfum rétt upp 0 – 30 (notist við talnastiku í numicon)
- Geta skrifað tölustafi 0 – 20 (notist við talnastiku)
- Að barn æfist í að flokka hluti (form og stærðir)
- Þekki merkin plús og mínus, jafnt og , minna en, stærra en
- Að barn læri helstu hugtökin:
  - Hæð: jafn hátt/ekki jafn hátt, næst hæst/ næst lægst.
  - Stærð: jafn stórt/ekki jafn stórt, næst stærst/næst minnst.
  - Fjöldi: fæstir, enginn, allir, nokkrir
  - Magn:jafn mikið/ekki jafn mikið, næst mest/næst minnst.
  - Þyngd: jafn þungt/ekki jafn þungt, næst þyngst/næst léttast, kíló/grömm.
  - Lengd:jafn langt/ekki jafn langt, næst lengst/næst styðst.
  - Þykkt: jafn þykkt/ekki jafn þykkt, næst þykkast/næst þynnst.
  - Rými: Fjarlægðir: nær og fjær. Vinstri/hægri, höfuðáttirnar: austur, vestur, norður, suður.
  - Form: sexhyrningur, fimmhyrningur, sporöskjulagaður, tígull, hjarta, spaði, lauf.
  - Stöðuhugtök: lórétt/lágrétt, ská, beint.
  - Þrívíð form: kassi, teningur, kúla, sívalningur, pýramídi.
  - Mynstur: geta skapað mynstur á mismunandi vegu t.d. með hljóðum, látbragði, teikningu, hlutum og fleiru.

### Leiðir að settu markmiði;

- Einingakubbar (Rökhugsun þegar er verið að byggja og hvernig bygging þurfi að vera svo hún nái að standa - Rúmfræði t.d að allir kubbarinnir passa inn í grunnkubbinn, þekki nöfnin á kubbunum s.s. sívalningur, ferningur og stólpi )
- Lego (Rökhugsun með byggingunum)
- Kapla kubbar (Byggja í tvívídd og þrívídd)
- Holukubbar (Stærð kubbana, byggja hátt, langt, bera saman, hæð og breidd, rýmisgreind búin að læra heitin á þeim (stutt borð, langt borð, rampur, ferningur, hálfur ferningur, tvöfaldur ferningur)
- Knex (Tækni kubbar þar sem bæði hægt er að byggja eftir fyrirmynd eða láta hugmyndaflugið ráða)

- Numicon (Formin, tölur, talnagildi og rökhugsun t.d þegar er verið að vinna með formin að setja þau á spjalðið) vinna með verkefni 6 A – 12 B og aukaverkefni.
- Tölutáknin og formin sýnileg
- Unnið með tölustafi, magn og hugtök
- Leikur að læra (Tölur, samlagning, frádráttur, skipta niður (deiling), fjöldi, meira – minna en – jafnt og) skoða heimsíðuna leikur að læra [www.leikuradlaera.is](http://www.leikuradlaera.is)
- Unnið markvissst í möppunni frá Garðabæ sem fylgdi markvissri málörvun
- Stærðfræðileikir í ipad
- Talnagrindur í frjálsum leik og skipulögðum leik
- Tölur sýnilegar í hólfum í fataklefa
- Kátt er í kynjadal
- Hafa verkefnablöð inn á deild til að grípa í
- Tölutáknin frá 0 – 100 og formin sýnileg (numicon)
- Söngvar og bækur sem innihalda talningu og hugtök
- Nota hvert tækifæri í daglegu starfi til að skoða form til að tengja við tákni, tölu og hugtök t.d. skoða formin í gluggunum, gangstéttarhellur, fjöldi af fólki í matartíma, notast við færri og fleiri.

Endurmetið maí 2018